

## Minnisblað um skipamælingar

Til: þeirra sem málefnið varðar  
Frá: Siglingastofnun Íslands  
Dagsett 22. nóvember 2004.

---

### Stutt yfirlit um stærðarmælingar skipa.

#### 1. Almenn.

Stærðarmæling skipa byggir á lögum um skipamælingar nr. 146/2002, reglugerð um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum nr. 527/1997, Alþjóðasamningi um mælingar skipa frá 23. júní 1969 og reglum um skipamælingar nr. 167/1967. Áður en skip eru tekin inn á aðalskipaskrá ber að mæla bæði brúttótonnastærð, BT, nettótonnastærð, NT, og brúttórúmmlestærð, Brl, skipanna.

#### 2. BT og NT báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

Til að finna brúttótonnatölu báta af ofangreindri stærð, þarf að mæla skráningarbreidd og skráningarlengd. Auk skráningarbreiddar og skráningarlengdar skal mæla mestu lengd bátanna og mótaða dýpt. Brúttótonnastærð báta með mestu lengd allt að 15 metrum er reiknuð skv. eftirfarandi líkingu:

$BT = 0,031 \times B \times Ls^2$ , þar sem

B = skráningarbreidd og

Ls = skráningarlengd

Sjá nánar um skilgreiningar í reglum nr. 527/1997.

Nettótonnastærð er ákveðin 0,3 sinnum brúttótonnastærðin.

#### 3. BT og NT skipa með mestu lengd minnst 15 m og skráningarlengd allt að 24 m.

Skip með mestu lengd 15 metra og lengri og skráningarlengd allt að 24 metrum, skulu mæld skv Alþjóðasamningi um mælingar skipa frá 1969, sem vísað er til í reglugerð um mælingar skipa með lengd allt að 24 metrum, þó með frávikum um útreikning á nettótonnastærð. Sjá nánar í 4. tölulið.

Alþjóðasamningurinn mælir svo fyrir, að brúttótonnastærð skuli reiknuð út frá heildarrúmmáli skipsins, eins og það er ákveðið í samningnum. Auk rúmmálsins skal mæla skráningarlengd, skráningarbreidd og mestu lengd, sem og mótaða dýpt og mótaða djúpristu, sem nota þarf við útreikning á nettótonnastærð. Heimilt er að undanskilja einstök rými ofan þilfars, sem eru innan við einn rúmmetra að stærð. Hins vegar skal taka með í reikninginn rými ofan þilfars að ákveðnu marki, sem eru opin að einhverju leyti, skv fyrirmælum sem tilgreind eru í Alþjóðasamningnum.

Allar mælingar skulu vera með sentimetra nákvæmni og útreikningarnir vera það greinagóðir að auðvelt sé að sannprófa þá. Þannig skal vera ljóst af útreikningunum rúmmál bols undir efsta heila þilfari, og staðsetning (á hvaða bandabilum), rúmmál og lengd á hverju rými fyrir sig ofan þilfars. Heimilt er að stafnlyfting og skutlyfting séu innifalin í rými undir þilfari, en ef svo er, skal það tilgreint í útreikningunum og á mælibréfi. Enn fremur ber að tilgreina stærð á þeim rýmum sem eru undanskilin í rúmmálsútreikningunum, svo sem skutrennur, dráttarlúgur, þverskrúfur o.þ.h. Sjá nánar um líkingu og skilgreiningar í Alþjóðasamningnum frá 1969.

Nettótonnastærð skal vera 0,3 sinnum brúttótonnastærðin, hins vegar eru rými sem lögð eru til grundvallar nettótonnaútreikningi skv Alþjóðasamningnum almennt tilgreind á mælibréfi.

#### **4. BT og NT skipa með skráningarlengd 24 metra eða lengri.**

Skip með skráningarlengd 24 metra eða lengri, skulu mæld skv. Alþjóðasamningi um mælingar skipa frá 1969. Sjá 3. tölulið um brúttótonnamælingu. Hins vegar er nettótonnaútreikningur skv Alþjóðasamningnum margbrotnari en þar segir.

Nettótonnastærð skipa af umræddri stærð skal vera sú tala sem hærrí er af 0,3 sinnum brúttótonnastærð skipsins og útreikningi sem byggir á rúmmáli ákveðinna rýma. Þau rými sem leggja skal til grundvallar við útreikning á nettótonnastærð, eru þau rými sem segja má að teljist til notagildis skipsins, það er öll farmrými, fiskvinnslurými og fiskmóttaka, ásamt körmum á rýmum. Einnig ís-, salt- og umbúðageymslur, en ekki geymslur fyrir fiskveiðibúnað. Fyrir farþegaskip er fjöldi farþega lagður til grundvallar nettótonnastærð.

Sama gildir um nettótonnaútreikninga og um brúttótonnaútreikninga, það er að staðsetning, rúmmál og lengd á hverju rými skulu tilgreind í útreikningunum og að þeir séu það greinagóðir að auðvelt sé að sannprófa þá. Sjá nánar um líkingu og skilgreiningar í Alþjóðasamningnum frá 1969.

#### **5. Brl þilfarsskipa.**

Hvert þilfarsskip skal mælt og brúttórúmmestir þess reiknaðar skv Alþjóðasamningi um samræmda aðferð við skipamælingar, sem undirritaður var í Osló hinn 10. júní 1947, með síðari breytingum. Samningurinn gerði ráð fyrir að nettórúmmestir væru einnig reiknaðar, en sú vinna hefur nú verið aflögð.

Brúttórúmmlestærð byggir á heildarrúmmáli bols undir aðalþilfari, innan við bönd og botnstokka eða tvöfaldan botn, sem og rúmmáli á vistarverum ofan aðalþilfars. Sem dæmi um rými ofan þilfars, sem skulu reiknuð með í brúttórúmmlestærð, má nefna herbergi, borðsali, ganga, tómskundaklefa, stakkageymslur og aðrar geymslur fyrir áhöfn. Hins vegar eru eldhús, böð og salerni undanskilin brúttórúmmlestamælingu, sem og geymslur fyrir rekstur skipsins, eins og matargeymslur, varahlutageymslur o.þ.h. Rúmmál á lestarkörmum mælist einnig með í brúttórúmmlestærðinni, en þó má draga frá þeirri stærð hálf þúsund af öðru rúmmáli skipsins, sem lagt er til grundvallar við brúttórúmmlestaútreikninga þess.

## 6. Brl opinna báta.

Brúttórúmllestir opinna báta eru reiknaðar skv. eftirfarandi líkingu, sem byggir á Alþjóðasamningnum frá 1947:

$Brl = L \times B \times D / 5,27$ , þar sem

L = lengd milli stafna í borðstokkshæð,

B = mest breidd bátsins á milli banda og

D = dýptin á miðri lengd, L, frá kili að efri brún á borðstokki.